

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2367**2018/EES/14/29**

frá 18. desember 2017

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB ⁽¹⁾, einkum 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölhlíða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2009/81/EB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/81/EB, samræmdar endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/25/ESB ⁽⁴⁾. Því ætti að breyta tilskipun 2009/81/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 8. gr. tilskipunar 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í a-lið komi fjárhæðin „443 000 evrur“ í stað „418 000 evrur“.
- 2) Í b-lið komi fjárhæðin „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

(2) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

(3) Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
